



**Íþróttá- og æskulýðsráð - 89. fundur
haldinn í félagsheimilinu Árskógi, 2. maí 2017
og hófst hann kl. 14:30**

Fundinn sátu:

Jón Ingi Sveinsson varaformaður, Íris Hauksdóttir Aðalmaður, Þórunn Andrésdóttir Aðalmaður, Zbigniew Kolodziejczyk aðalmaður og Kristinn Ingi Valsson formaður.

Embættismenn

Gísli Rúnar Gylfason Starfsmaður og Hlynur Sigursveinsson sviðsstjóri.

Fundargerð ritaði: Gísli Rúnar Gylfason, Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi

Dagskrá:

1. 201704048 - Ályktun ráðstefnunnar Ungt fólk og lýðræði 2017

Lögð fram til kynningar ályktun ráðstefnunnar Ungt fólk og lýðræði sam haldin var á Laugarbakka 2017.

2. 201702061 - Vegna framkvæmdastjóra

Tekið fyrir erindi frá formanni GHD um breytingu á starfsmannahaldi í sumar eftir að framkvæmdarstjóri hætti störfum í vetur. Óskað er eftir því að fá að ráða starfsmann í sumar í stað sameiginlegs framkvæmdastjóra og fá greiddan styrk vegna framkvæmdastjóra til að standa undir kostnaði við slíkan starfsmann í sumar.

Íþróttá- og æskulýðsráð samþykkir að styrkurinn verður greiddur til GHD fyrir árið 2017. Íþróttá- og æskulýðsráð mun fara yfir stöðuna með GHD í haust og skal þá meta hvernig til tókst í sumar og í framhaldinu skoðað hvernig starf þurfi að vera í kringum rekstur á golfvöllum.

3. 201703034 - Ársreikningar íþróttafélaga 2016

Íþróttá- og æskulýðsráð fór yfir ársreikninga íþróttafélaga í Dalvíkurbyggð. Síðar á fundinum koma fulltrúar íþróttafélagana á fund ráðsins og farið verður yfir stöðu félanna.

4. 201703024 - Vorfundur íþróttá- og æskulýðsráðs 2017

Undir þessum lið og það sem eftir var fundar komu eftirfarandi aðilar á fundinn til að kynna niðurstöður ársreiknings og skýrslu sem og til samráðs um aðra þætti:

Kristján Ólafsson - UMFS

Hjördís Jóna Bóasdóttir - Fimleikadeild UMFS

Stefán Garðar Níelsson - Dalvík-Reynir

Bjarni Jóhann Valdimarsson - Golfklúbburinn Hamar

Lilja Björk Reynisdóttir - Hestamannafélagið Hringur

Snæþór Arnþórsson - Skíðafélag Dalvíkur

Marinó Þorsteinsson - Ungmennafélagið Reynir

Hólmfríður Gíslasdóttir - Sundfélagið Rán

Guðríður Sveinsdóttir - Blakfélagið Rimar

Fulltrúi frá Þorsteinni Svörfuði boðaði forföll

Fulltrúar félaganna fóru yfir rekstur og starfsemi félaganna.

Rætt var um tryggingarmál, uppbyggingu íþróttasvæða, kostnað við rekstur félaga og styrkjamál.

Óskað eftir því að fulltrúar félaganna myndu skoða hvort það væri tilefni til að tilnefna í haust aðila sem hlýtur heiðursviðurkenningu íþróttá- og æskulýðsráðs. Óskað verður eftir því formlega í haust, samhliða því þegar óskað verður eftir tilnefndingum til íþróttamanns Dalvíkurbyggðar.

Formaður íþróttá- og æskulýðsráðs þakkaði fundarmönnum kærlega fyrir fundinn og ítrekaði hversu mikilvægu starfi fundargestir væru að sinna innann sinna félaga.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:00
